

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 264/2014**

2015/EES/71/11

frá 12. desember 2014

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/707/ESB frá 14. nóvember 2012 um sameiginlegt snið fyrir framlagningu upplýsinga samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 15zo (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 198/2013) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„15zp. **32012 D 0707**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/707/ESB frá 14. nóvember 2012 um sameiginlegt snið fyrir framlagningu upplýsinga samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni (Stjtið. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 33).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2012/707/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2014 frá 12. desember 2014 ⁽²⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 320, 17.11.2012, bls. 33.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 311, 26.11.2015, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjið. ESB nr. 71, 26.11.2015, bls. 4.